



Reglur um hvatagreiðslur í Flóahreppi

1. gr. Markmið

Meginmarkmið með hvatagreiðslum er að auðvelda börnum og ungmennum úr Flóahreppi að stunda skipulagt íþróttta- lista- og tómstundastarfi.

Hvatagreiðslum er ætlað að greiða niður æfingar- eða þáttökugjöld og styðja við að foreldrar/forráðamenn barna og ungmenna í Flóahreppi geti boðið börnum sínum að stunda skipulagða íþróttta- lista- og tómstundaiðkun innan eða utan sveitarfélags.

Greiðslur skulu að hámarki nema þeirri upphæð sem sveitarstjórn ákveður á hverjum tíma.

2. gr. Skilyrði fyrir veitingu hvatagreiðslna

Hægt er að sækja um hvatagreiðslur fyrir börn og ungmenni á aldrinum frá og með 5 ára aldri og upp að 18 ára aldri. Greiðslur falla niður eftir að ungmenni hefur náð 18 ára aldri. Foreldrar/forráðamenn barna og ungmenna þurfa að sækja um hvatagreiðslurnar.

Skilyrði fyrir niðurgreiðslu á þáttökugjöldum er að um sé að ræða eitt af eftirtöldu:

1. Skipulagt starf sem stundað er undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinenda og nær yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikna samfellt tímabil. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, listgreinar, reiðnámskeið og skátastarf. Einnig nær þetta yfir skipulögð sumarnámskeið sem eru að lágmarki 10 skipti.
2. Skipulagt tónlistarnám hjá tónlistarskólum sem eru viðurkenndir af menntamálaráðuneyti.
3. Skipulögð námskeið fyrir börn og ungmenni sem stuðla t.d að sjálfsstyrkingu og bættri líðan.
4. Kort í líkamsræktarstöð sem skráð eru á kennitölu barns.
5. Keppnisferðir ef barn eða ungmenni hefur ekki nýtt hvatastyrk í annað á tímabilinu.

Að öðru leyti veitir sveitarfélagið Flóahreppur ekki styrki til keppnisferða.

Starfsemi sem ekki telst styrkhæf er starfsemi trúfélaga, önnur en kórastarf, og annarra lífsskoðunarfélaga, stjórnmalasamtaka og lengd viðvera eftir skóla.

3. gr. Umsókn og fylgigögn

Umsóknnum um hvatagreiðslur skal skilað inn rafrænt í gegnum heimasíðu Flóahrepps.

Hægt er að sækja um í einni umsókn fyrir haust og vor ef greiðslukvittun sýnir að skráningargjöld ná yfir allt tímabilið og eru jafnhá eða hærri en samþykktar hvatagreiðslur fyrir tímabilið. Einnig er hægt að sækja um sitthvort tímabilið þ.e. haust eða vor.

Staðfesting á greiðslu skráningargjalda skal fylgja umsókn.

Á greiðslukvittun skal eftirfarandi koma fram:

- Nafn og kennitala félags eða fyrirtækis
- Æfingatímabil
- Dagsetning greiðslu
- Nafn og kennitala iðkanda



Vegna keppnisferða skal leggja fram kvittanir sem sýna kostnað vegna ferðar og skriflega staðfestingu frá félagi um þátttöku í skipulagðri keppnisferð þar sem fram kemur nafn og kennitala félags, dagsetning ferðar og nafn og kennitala keppanda sem sótt er um fyrir.

4. gr. Greiðslur

Hvatagreiðslur árið 2024 geta orðið 30.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 60.000 kr. á ári fyrir hvern einstakling.

Upphæð styrks getur ekki orðið hærri en sem nemur æfinga/þátttökugjaldi viðkomandi íþrótta- lista- eða tómstundagreinar eða kostnaðar vegna keppnisferðar.

Hvatastyrki er ekki heimilt að færa á milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á því ári sem iðkun eða þátttaka fer fram á.

Styrkumsækjandi skal sækja um hvatagreiðslu rafrænt á heimasíðu Flóahrepps fyrir 1. apríl fyrir hverja vorönn og fyrir 1. nóvember fyrir hverja haustönn.

Styrkir verða greiddir út mánaðarmótin apríl/maí og nóvember/desember ár hvert.

Samþykkt á 287. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 3. október 2023

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri